



FRÉTTABRÉF

Ferðamálafélags Hríseyjar

Nóvember 2018

12. árgangur 12.tölublað

KARRINN



Anders Selland

Hríseyjarfréttir

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni

Áætlun Sævars jóla og áramót

Aðfangadagur og gamlársgdagur:

Frá Hrísey: 09:00.....Frá Árskógssandi: 09:30
11:00.....11:30
13:00.....13:30
15:00.....15:30

Jóladagur og nýársdagur:

Frá Hrísey: 11:00.....Frá Árskógssandi: 11:30
13:00.....13:30
17:00.....17:30
21:00.....21:30

Á aðfangadag og gamlársgdag er ferð kl. 07:00
upphringiferð.

Aðrir dagar samkvæmt núgildandi áætlun.

Síminn í Sævari er 695 5544.

Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar - www.hrisey.is

Ábyrgðarmaður: Stjórn

Hugleiðingar stjórnar

Kæru lesendur nú gengur aðventan í garð, við skulum reyna að njóta hennar með samveru og gleði, eyðum tíma með þeim sem okkur þykir vænt um og látum stressið ekki ná tökum á okkur. Megum ekki vera of upptekin af því að kaupa dýrar gjafir, þrifa, baka og gleyma því að njóta.

Eins og venjulega er heilmikið um að vera í Hrísey á aðventunni.

Það er okkur mikil gleði að geta sagt frá því að alls söfnuðust 4,9 milljónir á styrktarreikning Lauru Marcelinu Makowska og var það greitt inn á framtíðarreikning hennar í vor. Monika Makowska föðursystir Lauru er komin með forræði yfir henni. Fjölskylda hennar vill koma á framfæri kæru þakklæti fyrir hlýhug og aðstoð í þessum erfiðu aðstæðum. Þorgeir Jónsson hætti í stjórninni á árinu og viljum við þakka honum fyrir stjórnarsetuna öll þessi ár en hann hefur verið með frá upphafi.

Óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

Hanna Hauksdóttir
Ingimar Ragnarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Þórunn Björg Arnórsdóttir
Þorgeir Jónsson
Þröstur Jóhannsson



Ferðamálafélag Hríseyjar

Í apríl á þessu ári fögnuðum við 10 ára grautarafmæli, en fyrsti grautur var 19. apríl 2008. Nú hefur verið boðið í graut 66 sinnum og búið að elda úr 111 kg af hrísgrjónum og 775 lítrum af mjólk. Alls hafa komið 3207 gestir og að meðaltali hafa komið um 48 manns hvert sinn.

Sumarið var frekar lélegt þetta árið því erfiðlega gekk að manna störf í safni og á traktorunum. Litli vagninn er ónýtur og búið er að kaupa nýjan vagn sem verður gerður upp í vetur en styrkur fékkst hjá Brothættum byggðum til kaupanna. Félagið á enga dráttarvél en hefur verið með vélina frá K&G í láni undanfarin ár og vill stjórnin koma á framfæri bestu þökkum fyrir það. Ekki hafa verið haldnir aðalfundir í tvö ár og skrifast það algerlega á formanninn því lítið hefur verið um að hægt sé að greiða laun og er nú nóg komið af sjálfboðavinnu.

Formaður hefur þó setið marga fundi með Markaðsskrifstofu Norðurlands, Akureyrarstofu og Safnaklasa Eyjafjarðar. Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum, má þar nefna Norðurstrandaleið sem er verkefni sem verður sett af stað í byrjun júní og nær frá Hvammstanga- Bakkafjarðar, hægt er að fylgjast með verkefninu á [Facebook](#). Svo var unnið að átaki í ráðstefnu- og hvataferðum til Hríseyjar í samstarfi við Akureyrarstofu sem hægt er að sjá á [hrisey.is](#). Ný lög á sviði ferðamála taka gildi 1. janúar 2019 og í framhaldi af því þarf að fara í heilmikla endurskoðun á starfsemi félagsins. Aðalfundur verður haldinn í lok janúar 2019.

Dagatal ungmennafélagsins

Líkt og undanfarin ár mun Ungmennafélagið Narfi gefa út dagatal fyrir árið 2019. Dagatalið verður að vanda myndskreytt með fallegum myndum úr Hrísey. Verð 2.500 kr. Dagatalið verður til sölu í Hríseyjarbúðinni.

Handgerð kerti

Til sölu handgerð kerti tilvalin í jólapakkann. Rósa Káradóttir símar 466 1769/694 8652.

Bókasafn Hríseyjar

Opið á þriðjudögum frá kl.14:00 - 16:00. Jólabækurnar komnar í hús.

Verið velkomin á bókasafnið.

Fótsnyrting

Fótaaðgerðarfræðingur kemur til Hríseyjar eftir þörfum. Þanta þarf tíma hjá Rósu Káradóttur í síma 466 1769/694 8652.

Fréttir úr Hríseyjarskóla

Upp er runninn desember og árið brátt á enda. Eftir gott og sólríkt sumarfrí var Hríseyjarskóli settur 21. ágúst sl. og mættu allir glaðir og hressir til starfa uppfullir af eldmóð og áhuga. Í grunnskóladeildinni eru 13 börn og á leikskóladeildinni eru 3 börn, starfið á báðum deildum hefur gengið bærilega. Þrír nýir nemendur bættust í hópinn í haust og hafa þau aðlagast vel. Við höldum áfram með það starf og skipulagningu sem byrjað var að innleiða haustið 2016 „leiðtogar í eigin námi“. Nú þegar allir nemendur og kennarar skólans hafa lpad spjaldtölvur til afnota breytast kennsluhættir í takt við nýja tíma. lpadinn er öflugt vinnutæki og býður upp á marga möguleika, betra aðgengi að upplýsingum og gögnum og við getum tengst öllum heiminum á svipstundu. Námið verður skemmtilegra og áhugaverðara, og færir það nær veruleika nemenda og nú geta nemendur á auðveldan hátt skilað verkefnum með því að búa til myndbönd, útvarpsþætti, rafræn plaköt, gagnvirkar bækur og notað sköpunargáfuna og tengt saman listir og tækni. Á haustdögum færði foreldrafélagið okkur vélmennin Dash og Dot að gjöf og leikskóladeildin fékk Beebot. Þetta er kærkomin gjöf sem kemur sér vel í upplýsingatækni og eru nemendur mjög ánægðir með tækin. Við erum daglega að læra eitthvað nýtt og erum bjartsýn og horfum jákvæð til framtíðar. Verkefni haustannar hafa verið fjölbreytt og ýmsar leiðir farnar til að ná markmiðum námsins.

Sigling með Húna í lok ágúst er alltaf skemmtileg og fræðandi, þar fengu nemendur að veiða fisk og fengu fræðslu um lífríkið í sjó.

Nemendur og starfsfólk frá grunnskólunum á Drangnesi og Borgarfirði eystri heimsóttu okkur í haust og áttu með okkur góðar stundir.

Í útikennslulotu í haust unnum við í útikennslustofunni okkar, þar eru komnir bekkir og eldstæði og ýmsar hugmyndir um framhaldið.

Grimseyjarskóli kom og var hjá okkur eina viku og tók þátt í Sudburyviku með okkur. Verkefni vikunnar voru margvísleg t.d. var tjaldað á sal skólans og sett upp verslun með „slím“, nuddstofa var sett upp á efri hæðinni, stúdío í einni stofu, svo var þrjónað, saumað, smíðað, bakað, spilað, hjólað og margt fleira.

Nemendur unnu fuglaverkefni fyrir dag íslenskrar tungu, það verkefni var samþætt íslensku, náttúrufræði, myndmennt, textílmenn og upplýsingatækni. Unnið var upp úr skýrslu um fugla sem verpa í Hrísey, sem Þorsteinn Þorsteinsson og Sverrir Thorsteinsen tóku saman fyrir umhverfisnefnd Akureyrar 2014. Verkefnið sýndu þau í íþróttamiðstöðinni 15. nóvember ásamt því að bjóða íbúum eyjarinnar í súpu og brauð. Verkefnið er aðgengilegt á heimasíðu Hríseyjarskóla, hriseyjarskoli.is

Í október vorum við með lestrarátak og hvöttum nemendur til að lesa meira, átakið stóð yfir í tvær vikur og voru lesnar rúmlega 7000 blaðsíður, sem er mjög gott. Við stefnum á annað átak núna í desember.

Nú erum við að vinna verkefni í tilefni fullveldisafmælisins með því að bera saman lífið í Hrísey 1918 og 2018. Verkefnið verður hengt upp í Hríseyjarbúðinni á föstudaginn og auk þess bjóðum við upp á kaffi og afmælistöku.

Nú er desember framundan og nóg um að vera hjá okkur, við höldum í hefðir fyrri ára, málum jólamyndir á gluggana, skerum út lafabrauð, bökum piparkökur, skrifum á jólakort, útbúum jólagjafir, fönndrum, förum á kaffihús og fleira.

Við þökkum samstarfið og allar þær góðu stundir sem við höfum átt á árinu sem er að líða. Við erum stolt af skólanum okkar og finnst gaman að starfa í góðum hópi starfsfólks, nemenda, foreldra og alls samfélagsins. Með von um að nýtt ár muni færa okkur gleði og kærleika óskum við Hríseyingum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Njótið aðventunnar með fjölskyldu og vinum.

Kveðja

Þórunn Arnórsdóttir skólastjóri



Landnámsegg ehf

Síðastliðin tvö ár hefur uppbygging staðið yfir hjá okkur í Landnámseggjum. Margir hafa sýnt verkefninu áhuga og eru forvitnir um framvindu verkefnisins.

Landnámsegg hafa gengið frá kaupum á húsnæði sem var áður í eigu Svínaræktarfélagss Íslands. Húsnæðið er rúmlega 300 m² og nýttist vel til eggjaframleiðslu en það leyfir allt að 2500 hænsni sem getur gefið okkur um 1800 egg á dag.

Fyrstu ungar Landnámseggja komu í heiminn 17. júní og komu til Hríseyjar 20. júní. Það má segja að það sé búið að vera mikið fjör hjá okkur en forystuhanarnir Trump, Pútín og Obama sjá til þess að allt sé með felldu. Þá hafa hænurnar Sarah Palin, Kata Jak, Þorgerður Katrín og Theresa May séð til þess að jafnræðis sé gætt í kofanum.

Það er stefna Landnámseggja að byggja framleiðsluna eingöngu á Landnámshænum en þannig sköpum við sérstöðu á markaðnum.

Búið er að taka til fyrir utan húsnæðið en í október var allur óæskilegur gróður fjarlægður og nýtt efni sett í jarðveginn og aðkoma að húsinu mun snyrtilegri en áður.

Þetta er fyrsta skref að frekari framkvæmdum á útisvæði fyrir hænurnar en fyrirhugað er að þær geti verið bæði úti og inni.

Í október fengum við einnig heimsókn frá Big Dutchman sem eru þýskir framleiðendur á búnaði til eggjaframleiðslu.

Það er von okkar að slíkur búnaður verði kominn upp fyrir allt að 1500 hænur sumarið 2019, en við höfum fengið lánsloforð frá Byggðastofnun til kaupa á tækjum og búnaði til eggjaframleiðslu.

Fyrsta eggíð kom svo 7.nóvember s.l. og fer eggjunum fjölgandi með hverjum deginum sem líður. Hönnunarvinna er hafin á eggjabökkum og pakkningum og verið er að ganga frá sölusamningi við Fjarðarkaup, Hríseyjarbúðina og Verbúðina 66. Við reiknum með að eggin verði komin í almenna dreifingu í apríl á næsta ári en þau munu vonandi fást á næstu vikum í Hríseyjarbúðinni og Verbúðinni 66. Það er því óhætt að segja að árið 2019 verði spennandi hjá okkur en við viljum þakka þeim sem hafa sýnt verkefninu áhuga og hvatt okkur áfram því það er okkur mikils virði.



frá frjálsum og skemmtilegum landnámshænum í Hrísey

Íþróttamiðstöðin jóla og áramót

Þorláksmessa - 23. desember: Lokað
Aðfangadagur - 24. desember: Lokað
Jóladagur - 25. desember: Lokað
Annar í jólum - 26. desember: Lokað
27. desember - opið: 15:00 - 19:00
28. desember - opið: 15:00 - 18:00
29. desember - opið: 13:00 - 16:00
30. desember - opið: 13:00 - 16:00
Gamlársdagur - 31. desember: Lokað
Nýársdagur - 1. janúar: Lokað

Hríseyjarbúðin

21. desember: 12:00 – 13:00 og 16:00 – 20:00
22. desember: 13:00 – 16:00
23. desember: 13:00 – 18:00 *Jólaglogg*
24. desember: 10:00 – 12:00
25. + 26. desember: Lokað
27. + 28. desember: Venjuleg opnun
29. desember: Venjuleg opnun
30. desember: Lokað
31. desember: 10:00 – 12:00
1. janúar: Lokað
2. janúar: Venjuleg opnun

Aflabrögð í Hrísey sumarið 1918

Hér taldir vélabátar gengu úr eyggi til veiða frá miðjum júnímánuði til septembermánaðaloka. Aflinn var sem tilgreint er við hvern bát.

Nafn	Eigandi	Skippt. fiskur	Tonn síld
Vonin	Jón Kristinsson	60	100
Byrgir	Björn Jörundsson	92	50
Práinn	Björn Jörundsson	64	25
Félaginn	Friðbjörn Björnsson	90	324
Búi	Kristinn Benediktsson	85	220
Karl	Jóhannes Jörundsson	90	120
Númi	Sigm. Sigurðsson	103	180
Ísland	Jörundur Jörundsson	80	129
Marz	Oddur Sigurðsson	112	60
Atli	Páll Bergsson	77	250
Pálmi	Páll Bergsson	95	10
Stigandi	Páll Bergsson	135	25

Þrem síðasttöldum bátum var haldið út af Ólafsfirði. Pálmi hætti veiðum síðast í ágúst. Síldina fiskuðu bátarnir í reknet. Frá Hrísey gengu 15 árabátar yfir sumarið frá miðjum júní, á 6 þeirra voru 3 menn, en á 9 þeirra 2 menn. Allir bátarnir fiskuðu með loðir. Afli á þeim var sem næst: 2 fengu 24 skpd. hvor, 3 um 18 skpd. hver, 2 um 15 skpd. hvor, 5 um 11 skpd. hver og 3 sem róíð var stopult, um 7 skpd. hver. 1 maður reri einn á bát yfir sumarið og fiskaði um 12 skpd.

Frétt tekin úr tímaritinu Ægi 12. árg, 3. tbl. 1919.

Viðburðir í desember.

Hríseyjarkirkja

Aðventustund í Hríseyjarkirkju laugardaginn

1. desember kl. 17:00. sr. Magnús Gunnarsson og

Svanbjörg Sverrisdóttir.

Að lokinni stund verður farið í kirkjugarðinn og kveikt á leiðalýsingu.

Aðfangadagur jóla.

Aftansöngur verður í Hríseyjarkirkju **24. desember**

kl. 17:00. sr. Oddur Bjarni þjónar fyrir altari.

Sóknarprestar

Möndlugrautur í Hlein

Laugardaginn **1. desember** verður boðið upp á graut

með möndlu og að sjálfsögðu slátur nýtt og ónýtt.

Verðlaun fyrir möndluna.

Stjórn Ferðamálafélagsins.

Hríseyjarskóli

Jólafondur laugardaginn **1. desember kl. 13:00.**

Litlu jólin **20. desember kl. 10:00.**

Jólamarkaður

Sunnudaginn 9. desember verður jólamarkaður í Verbúðinni 66 kl. 14:00 - 17:00. Þeir sem hafa áhuga á að selja vörur endilega hafið samband við Lindu Maríu í síma. 891 7293/467 1166.

Jólapósturinn 23. desember

Móttaka í **Hríseyjarbúðinni** milli kl. 13:00 og 15:00.

Nemendaráð Hríseyjarskóla.

Jólatrésskemmtun

Jólatrésskemmtun verður haldin 26. desember í Íþróttamiðstöðinni og hefst **kl. 14:00.** Dansað verður í kringum jólatréð og allir krakkar fá eitthvað góðgæti frá jólasveinunum sem mæta á svæðið.

Léttar veitingar í boði. Enginn aðgangseyrir verður innheimtur. Tekið verður á móti frjálsum framlögum til styrktar félaginu.

Allir velkomnir.

Ungmennafélagið Narfi.

Kveikt á jólatrénu

Mánudaginn 3. desember kl.16:00.

Heitt súkkulaði og smákökur í boði á eftir í Hríseyjarbúðinni.

Gallerí Perla

Endilega hafið samband ef þið viljið kíkja í Perluna fyrir jólin. Mikið úrval af vörum í jólapakkann.

Vinsamlega hringið í síma: 892-3014.

Áramótaboð Andeyjar ehf

Sunnudaginn 30. desember kl. 18:00 bjóða

Andeyjarmenn íbúum og gestum til samsætis í Íþróttamiðstöðinni.

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar

Flugeldasalan verður **28. – 31. desember** í húsnæði sveitarinnar að **Ægisgötu 13.**

Opið frá **kl. 16:00 – 20:00** föstudag – sunnudags og **kl. 11:00 – 14:00** á gamlársgöngu.

Björgunarsveitin

Verbúðin 66

Jólahlaðborð

Laugardaginn 1. desember húsið opnar kl. 19.30.

Jólaglögg og kósýkvöld

Föstudaginn 7. desember kl. 20:30.

Skötuveisla

Þorláksmessa kl. 18:00

Vinsamlegast pantið fyrir 20. desember

Nánari opnun og viðburðir í desember auglýst síðar.

Verbúðin 66.

Jólabingó Slysavarnarfélagsins

Jólabingó Slysavarnarfélagsins verður haldið í

Verbúðinni 66 **mánudaginn 10. desember.**

Barnabingó hefst **kl. 16:15.**

Fullorðinsbingó hefst **kl. 20:30.**

Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennunni á gamlársgöngu kl. 17:00.